

## LÖG

### um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 56. gr. laganna orðast svo: Enn fremur koma ákvæði IV. kafla til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2011 að því er varðar samninga við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins og samninga við sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2009.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Álfheiður Ingadóttir.*